

Áritun Prófdómara			
Skilað Kl.	Aukablöð	Móttekið	Einkunn



Sveinsprófsnefnd sterkstraums

## Rafmagnsfræði, stýrikerfi og búnaður

7.Febrúar 2022 kl. 08:30 - 11:00

Nafn: \_\_\_\_\_

Kennitala: \_\_\_\_\_

Heimilisfang: \_\_\_\_\_

Hjálpargögn: Skrifflæsi, reglalistika, og reiknivél.

Nota má bókin „Formúlur fyrir rafiðnir“ frá IÐNU

**Skýringar á verkefninu:** Í þessum hluta prófsins eru 19 skriflegar spurningar og eitt stýrikerfishönnunar verkefni. Vægi skriflegra spurninga nr.1 - 19 er mismunandi eða samtals 160 einingar. Vægi fyrir rétta hönnun á stýrikerfisverkefninu er 100 einingar. Heildarfjöldi bls. er 10.

**Summa eininga fyrir spurningar og hönnun er 260 einingar**

**Úrlausnartími: 150 mínútur.**

*Gangi þér vel !*

1.(5)

Hvaða mælieiningu hefur raunafl?

- a) (VA)
- b) (W)
- c) (VAr)
- d) (WAr)

2.(5)

Hvaða mælieiningu hefur launafl?

- a) (VA)
- b) (W)
- c) (VAr)
- d) (WAr)

3.(5)

Hvaða lög mál fjallar um strauma í greinipunkti?

- a) Ohms-lög mál
- b) Lenz-lög mál
- c) Fyrra lög mál Kirchoffs
- d) Seinna lög mál Kirchoffs

4.(5)


Tveir jafnstórir þéttar sem eru hliðtengdir og hafa heildarrýmdina 1 F. Hver er heildarrýmdin ef þéttarnir eru raðtengdir?

- a) 0,25 F
- b) 0,5 F
- c) 2 F
- d) 0,75 F

5.(5)

Myndirnar sýna álag og mæla sem sýna straum og spennu álagsins.  
Hvaða tenging sýnir réttan straum álagsins?


- a) Tengimynd 1
- b) Tengimynd 2
- c) Tengimynd 3
- d) Tengimynd 4



6.(5)

Myndin sýnir tengingu á þremur viðnánum sem öll eru  $1\text{ k}\Omega$ . Þegar rofinn S er opinn er straumurinn  $I_3$  í viðnáminu  $R_3$   $12\text{ mA}$ .

Hver verður straumurinn  $I_3$  í viðnáminu  $R_3$  þegar rofanum S er lokað, ef innra viðnám spennugjafans er hverfandi og því sleppt í útreikningum?




- a)  $I_3$  lækkar um  $3\text{ mA}$
- b)  $I_3$  lækkar um  $6\text{ mA}$
- c)  $I_3$  er óbreyttur
- d)  $I_3$  hækkar um  $12\text{ mA}$
- e)  $I_3$  lækkar um  $24\text{ mA}$

7.(5)

Þegar viðnám og þéttir eru raðtengd við riðspennugjafa með sínuslaga spennu myndast spennuþíhyrningur. Hvaða þríhyrningur á við í þessu tilviki?

- a) Þríhyrningur 1.
- b) Þríhyrningur 2. ①
- c) Þríhyrningur 3.
- d) Þríhyrningur 4.



8.(5)


Þéttar mynda?

- a) Rýmdarálag
- b) Raunálag
- c) Spanálag
- d) Sýndarálag

9.(10)

Heildarviðnám rásarinnar er 18 ohm.  
Hve stórt viðnám er  $R_6$ ?

Sýnið allan útreikning.




10.(5)

Snúið formúlunni fyrir L

$$XL = 2\pi f L$$

12.(5)

Hvaða fullyrðing um rásina hér til  
hliðar er rétt ? Liðinn slær inn,  
þegar.....



- a) Rofunum S2 og S3 er samtímis þrýst inn
- b) Rofunum S1 og S2 er samtímis þrýst inn
- c) Rofanum S3 er þrýst inn
- d) Rofunum S1 og S3 er samtímis þrýst inn
- e) Rofanum S2 er þrýst inn

11.(10)


Álagsstraumur í þrifasa 400 V grein mælist 17,1 A þegar raunaflíð er  
10,85 kW.

Hver er aflstuðull álagsins?

Sýnið allan útreikning.

13.(5)

Hvaða fullyrðing um rásina hér til hliðar er rétt ?



- a) Ef að K2 er virkur, getur K1 ekki lokað
- b) Ef að K2 er virkur, getur K1 lokað eftir að þrýst er á S2
- c) Ef að K1 er virkur, getur K2 einungis lokað ef að þrýst er á S2 og S3 samtímis
- d) Ef að K1 er virkur, getur K2 ekki lokað
- e) Ef að þrýst er samtímis á S2 og S3, loka K1 og K2, og fara yfir í sjálfslökun


14.(10)

Hvert er viðámið í R2 ef heildarviðnámið er  $6,7\text{k}\Omega$

$$R1=300 \Omega$$

$$R2=? \Omega$$

$$R3=5,3\text{k}\Omega$$



Sýnið allan útreikning.

15.(10)

Vatnshitari dregur strauminn  $11,3\text{ A}$  þegar spenna hans er  $230\text{ V}$ . Hve mikla orku notar hitarinn ef hann er í rekstri í  $4\text{ klst}$ . og  $36\text{ mínutur}$ .

Sýnið allan útreikning.

16.(10)


Spóla hefur sjálfspanstuðulinn  $L = 200\text{ mH}$ . Hvert er spanviðnám spólunnar ef tíðni spennugjafans er  $300\text{ Hz}$ ?

Sýnið allan útreikning.

17.(10)

Voltmælar eru tengdir við  
þrífasaveitukerfi með jafnlægu álagi  
eins og myndin sýnir. Hvað sýna  
mælarnir P1 og P2 ?


Sýnið allan útreikning.



18.(10)

Hvað tekur rásin  $I_1$  mörg A ?

Sýnið allan útreikning.



19.(35)


Spóla hefur raunviðnámið  $RL20\Omega$  og spanviðnámið  $XL\ 16\Omega$  hún er tengd við 230V og 50Hz net

- a) Gerið tengimynd sem sýnir raun og spanviðnám spólunnar merktu inn á myndina allar stærðir ásamt spennu og straummæli
- b) Teiknaðu viðnámsvektoramynd í **kvarða**.
- c) Mældu stærð sýndarviðnámsins  $Z$
- d) Reiknaðu  $Z$  sýndarviðnámið
- e) Hver er raunaflstuðull spólunnar
- f) Hve stórt er fasvikshorn spólunnar.
- g) Hve stóran straum tekur spólan frá spennugjafanum.

Sýnið allan útreikning.

20.(100)

## Vatnstankur



Hannið og teiknið stýri- og kraftrás fyrir vatnstank. Það þarf að halda vatnshæðinni innan ákveðinna marka með því að dæla í hann eftir þörfum.

Tankurinn er 6,5 m hárr og 5,1 m á breidd. Í tankinum eru þrír flotrofar FR1, FR2 og FR3. FR1 er staðsettur neðarlega í tanknum 1,2 m frá botni, FR2 er fyrir miðju 3,4 m frá botni og FR3 er staðsettur ofarlega eða 5,9 m frá botni tanksins.

Falli vatnshæð í tanknum niður fyrir FR3 eða undir 5,9 m fer dæla 3 í gang. Falli vatnshæð niður fyrir FR2 eða 3,4 m fer dæla 2 í gang. Falli vatnshæð undir FR1 eða 1,2 metra fer dæla 1 í gang. Dælurnar stoppa ef viðkomandi vatnshæðum er náð.

Falli vatnshæð niður fyrir FR3 og vatnshæðin helst á milli FR2 og FR3 í 1 klukkustund fer dæla 2 í gang. Hafi vatnshæð enn ekki náð 5,9 m 30 mínútum eftir að dæla 2 fór í gang fer dæla 1 í gang. Hér stoppa dælurnar ekki fyrr en vatnshæðin nær FR3 eða 5,9 m.

Falli vatnshæð niður fyrir ÖR1 eða 0,8 m stoppar stýri- og kraftrás. Fari vatnshæð yfir ÖR2 eða 0,3 m stoppar stýri- og kraftrás.

Gaumljós eiga að sýna þegar:

Dæla 1 í gangi.

Dæla 2 í gangi.

Dæla 3 í gangi.

Vatnshæð í lágmarki (ÖR1)

Vatnshæð í hámarki (ÖR2)

**Kerfi er ræst með S2.**

**S1 er stopprofí**

**FR1-3 Flotrofar fyrir stýringu á dælum**

**S3 er neyðarstopprofí**

**ÖR1 Öryggisflotrofi fyrir lágmarksstöðu**

**ÖR2 Öryggisflotrofi fyrir hámarksstöðu**

S1, S2 og S3 eiga að vera þrýstirofar.

Dælur eru 3ja fasa.

Uppgefnar málsetningar eru í metrum.

*Tákn skulu vera samkvæmt þeim staðli sem Staðlaráð Íslands hefur samþykkt og er aðili að.*